

## 5. Stjórnarfundur EBAK fimmtudaginn 22. júní 2023 kl. 10.

Mætt voru Karl Erlendsson formaður, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Valgerður Jónsdóttir, Þóra Hjaltadóttir, Margrét Alfreðsdóttir, og Friðrik Vagn Guðjónsson.

Margrét Marvinsdóttir, Helgi Aðalsteinsson og Elín Antonsdóttir boðuðu forföll.

Tekið skal fram að þessi stjórnarfundur var boðaður með minna en sólarhrings fyrirvara.

### 1. Húsnæðismál EBAK og Birtu

Í gær fór stjórn EBAK á fund Búfestis þar sem fram fór kynning á byggingaráformum Búfestis í samvinnu við EBAK.

Stjórn EBAK samþykkir samhljóða eftirfarandi ályktun:

*Stjórn Félags eldri borgara á Akureyri (EBAK) hefur verið í góðri samvinnu við Búfesti um árabil um að byggja fjölmargar íbúðir fyrir eldri borgara að þursaholti 2 til 6 á Akureyri. Félagið hefur komið að hönnun íbúðanna með sérstöku tilliti til þarfa eldra fólks. Búfesti er óhagnaðardrifið húsnæðissamvinnufélag sem á og rekur um 260 íbúðir á Akureyri og Húsavík. Félagsmönnum í Búfesti hefur hingað til verið gert mögulegt að eiga 10 til 30 % eignarhlut í íbúðunum, en nú eru þau áform í uppnámi vegna nýrra lánaskilyrða Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Stjórn Búfestis hefur frestað að fara af stað með framkvæmdir við þursaholt þrátt fyrir að búið sé að bjóða út jarðvegsvinnu og uppsteypu á bíla- og geymslukjallara og fá mjög hagstætt tilboð í þann hluta.*

*Í þessu verkefni er fyrirhugað að byggja allt að 100 íbúðir fyrir félagsmenn EBAK sem hafa mjög mismunandi getu til kaupa á 10-30% búseturétti. Miðað við tekjuviðmið HMS virðast um 2/3 félagsmanna EBAK ekki falla undir ný tekju- og eignamörk HMS til lánveitinga. Það getur varla verið stefna HMS og þar um leið ríkisvaldsins að byggja fjölmennar blokkir bara fyrir lágláuna- og eignalítið fólk og það er alls ekki stefna Akureyrarbæjar. Góð blöndun þessa fólks með efnameira fólk i fjölmennum blokkum er það sem þjónar best mismunandi íbúum landsins að okkar mati.*

*Stjórn EBAK vill því skora á HMS og innviðaráðherra að breyta sem allra fyrst þessum nýju lánaskilyrðum HMS svo halda megi áfram við nauðsynlegar húsbyggingar Búfestis og EBAK á Akureyri. Vert er að minna á að það bráðvantar húsnæði fyrir eldri borgara á Akureyri og þessi byggingaráform eru hluti af lausn á þeim vandræðum.*

Karl Guðmundsson ritari.

Karl Erlendsson  
Sigurður Harðarson  
Valgerður Jónsdóttir  
Friðrik Vagn Guðjónsson  
Margrét Alfreðsdóttir  
Þóra Hjaltadóttir